

*Bifróst 22.05.2009*

**TILLÖGUR UM FRJÁLSAR VEIÐAR Á VANNÝTTUM  
NYTJASTOFNUM Á ÍSLANDSMIÐUM**  
upp að ákveðnu heildarhámarki gegn aflagjaldi í ríkissjóð

**Þórður Már Jónsson**

**Finnbogi Víkar**

## Efnisyfirlit:

I.	INNGANGUR: HÆGT Á HJÓLUM ATVINNULÍFSINS .....	1
II.	STAÐREYNDIR VARÐANDI NÚVERANDI FYRIRKOMULAG .....	1
1.	ALMENNAR VEIÐAR.....	1
1.1.	Úthafsækja:.....	1
1.2.	Grálúða:.....	7
1.3.	Sandkoli: .....	9
1.4.	Langlúra: .....	9
1.5.	Skrápflúra:.....	10
1.6.	Ufsi: .....	11
2.	ÚTHAFSVEIÐAR:.....	12
2.1.	Flæmingjarækja:.....	12
2.2.	Úthafskarfi:.....	12
3.	SETIÐ Á KVÓTA ÁN VEIÐIGETU .....	13
4.	TILFÆRSLUR .....	15
5.	GEYMSLURÉTTUR Á MILLI FISKVEIÐIÁRA. ....	19
III.	UPPHAFLEG VERNDARSJÓNARMÍÐ EKKI LENGUR FYRIR HENDI .....	20
IV.	AFNÁM AFLAMARKS .....	21
V.	HVATI TIL VEIÐA AUKINN .....	23
VI.	BREYTINGARNAR Í ANDA MARKMIÐS LAGANNA .....	24
VII.	AFLAGJALD LAGT Á LANDAÐAN AFLA.....	25
VIII.	ÞJÓÐHAGSLEG HAGKVÆMNI .....	26
IX.	NÝLIÐUN Í GREININNI.....	28
X.	SAMANTEKT TILLAGNA .....	29
XI.	LOKAORÐ .....	30
XII.	VIÐAUKAR .....	31
	VIÐAUKI 1.....	31
	VIÐAUKI 2.....	34

## **I. Inngangur: Hægt á hjólum atvinnulífsins**

Stefna Samfylkingarinnar er að koma hjólum atvinnulífsins af stað. Það er hægt að fara margar leiðir til þess að ná þessum markmiðum, en sumar krefjast þess að færa þurfi að fórnir í staðinn. Það er þó ekki algilt, enda er víða hægt að finna tækifæri sem eru vannýtt eða er einfaldlega leyft að fara forgörðum. Þetta á margan hátt við varðandi sjávarauðlindina við Íslandsstrendur. Nú er svo komið að fjölmargir aðilar sem sitja á aflaheimildum, m.a. í grálúðu og úthafs-rækju, kjósa að nýta ekki þessar heimildir sem þeir hafa undir höndum. Hingað til hafa þeir getað gert það óátalið. Þetta þýðir að þeir hafa haft vald til þess að hægja á hjólum atvinnulífsins. Þessu er hægt að breyta á einfaldan hátt og án þess að það muni leiða af sér stórar deilur af hálfu þeirra aðila sem sitja á heimildunum. Hér er um að ræða aðgerð sem myndi jafnframt vera fallin til þess að skapa sátt í þjóðfélaginu fyrir tilstuðlan ríkisstjórnarinnar, enda myndu þessar aðgerðir opna leið fyrir marga aðila sem nú eru í startholunum og vilja stunda þessar veiðar en geta það ekki þar sem þeir fá ekki aflaheimildir, hvorki leigðar né keyptar af núverandi handhöfum sem kjósa af ýmsum ástæðum frekar að sitja á heimildunum ónýttum. Það eru margar byggðir sem beinlínis blæða vegna þessarar tilhögunar, enda eru allar aðstæður til staðar til þess að gera mikil verðmæti úr þessum tegundum ef einhverjum er leyft að koma með þær að landi. Því höfum við svo sannarlega ekki efni á við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðfélaginu. Þjóðhagsleg hagkvæmni þessarar aðgerðar er óumdeilanleg.

Til að gera sér grein fyrir því um hvað er að ræða ber fyrst að líta til þeirra staðreynda sem eru grundvöllurinn að baki þessum tillögum.

## **II. Staðreyndir varðandi núverandi fyrirkomulag**

Í þessum kafla verður fjallað um einstaka fisktegundir þar sem úthlutað aflamark hefur ekki náðst og mikið af verðmætum þannig glatast og ekki skilað sér í þjóðarbúið.

### **1. Almennar veiðar**

#### **1.1. Úthafs-rækja:**

Veiðar á úthafs-rækju hafa nánast legið niðri undanfarin ár og mikið af útgefnu aflamarki ekki verið sótt af handhöfum aflaheimildanna eða þeir ekki gert tilraunir til þess. Þetta hefur orðið til þess að mikil verðmæti fara í súginn og þjóðarbúið hefur orðið af miklum tekjum vegna þessa athafnaleysis handhafa aflaheimildanna. Þar sem núgildandi lög um fiskveiðistjórnun gera ráð fyrir að sömu aðilar fái úthlutað aflaheimildum án þess að svo mikið sem tilraun sé gerð til að ná í úthlutaðan kvóta í úthafs-rækju, þá

hefur afleiðingin orðið sú að mikið af kvótanum er ekki nýttur og þessir umræddu aðilar sitja á kvótanum og koma þannig í veg fyrir verðmætasköpun í íslensku samfélagi.

Eins og áður sagði hefur mikið af úthlutuðum rækjukvóta ekki verið nýttur af handhöfum kvótans og því fallið dauður niður. Að neðan sést hve stór hluti kvótans hefur fallið niður ónýttur og meðaltal síðustu þriggja ára:

	Aflamark	Veitt	Óveitt	Ónýtt %
<b>2005-2006</b>	12.824	1.037	11.787	<b>92%</b>
<b>2006-2007</b>	8.890	1.887	7.003	<b>79%</b>
<b>2007-2008</b>	8.040	1.865	6.174	<b>77%</b>
<b>Samtals</b>	<b>29.754</b>	<b>4.789</b>	<b>24.964</b>	<b>84%</b>

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

Eins sjá má er það sláandi hversu mikið hefur verið ónýtt af kvótanum, en meðaltal fyrir síðustu þrjú fiskveiðiár (2005-2008) er 84% sem hefur farið í súginn af útgefnum kvóta og ekki verið nýtt.

Ástæður eru ýmsar en fyrir fall bankanna, sem marka ákveðin skil í sögu þjóðarinnar, var hátt gengi íslensku krónunnar að plaga rækjuútgerð, aflabrestur í rækjuveiðum og hátt heimsmarkaðsverð á olíu. Núna horfir til betri vegar fyrir rækjuútgerð þar sem gengi íslensku krónunnar er hagstæðara, aflabrogð í rækju hafa braggast til muna og heimsmarkaðsverð á olíu hefur lækkað. Vert er að benda á að rækjuskipum á úthafs rækju hefur verið leyfilegt síðan 2006 að taka meðafli við rækjuveiðar í svokallaðan yfirpoka á rækjutrollinu, en þetta var óleyfilegt áður fyrr og eykur það arðbærni veiðanna til muna. Langstærstur hluti meðafans er grálúða og er það vel þar sem grálúðukvótinn hefur heldur ekki náðst á síðustu árum. Það er því full ástæða til að ætla að rækjuútgerð geti vel þrífist og skapað gjaldeyristekjur fyrir þjóðarbúið og atvinnu fyrir landsmenn.

Margar ástæður liggja að baki því hvers vegna úthafs rækjukvótinn hefur ekki verið nýttur af handhöfum heimildanna. Skýringu er m.a. að finna í 7. mgr. 15. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna:

Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað. Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, sbr. 19. gr. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna breytinga á skipakosti útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjóttjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur um skilyrði flutningsins.

Í framkvæmd virkar þetta þannig að stórúngerð sem á nokkur skip eða báta og ræður yfir miklum kvóta í ýmsum tegundum, t.d. þorski og úthafsækju vill ekki selja eða leigja frá sér kvóta í úthafsækju þar sem sú aðgerð myndi rýra rétt útgerðarinnar til að leigja frá sér kvóta í t.d. þorski, enda fæst miklu hærra verð fyrir útleigðan þorskkvóta heldur en rækjukvóta (sjá viðauka 2). Útgerðin færir úthafsækjukvótann á milli skipa og báta innan útgerðarinnar og leigir jafnvel til sín rækjukvóta til að búa þannig um hnútana að það sé mögulegt að leigja frá útgerðinni þorsk- eða ýsukvóta eða aðrar kvótategundir. Þetta kvótabrask býr til mikinn hagnað til handa útgerðinni. Auk þess eru vísbendingar um það að útgerðir innan LÍÚ, noti þessa lagagrein til að færa á milli sín úthafsækjukvóta og grálúðukvóta til að skapa hjá útgerðunum rétt til að leigja frá sér t.d. þorsk- og ýsukvóta. Öðru nafni **samráð** á milli útgerða.

Rökstuddur grunur skýrsluhöfunda hefur verið til staðar um að þessi framkvæmd hafi átt sér stað, en eftirfarandi er raunverulegt dæmi um það:

Brimnes RE 27, með skipaskráningarnúmerið (2770) og er í eigu Brim hf. leigði eða flutti frá/til sín eftirfarandi aflamarksheimildir á síðasta fiskveiðiári.

#### Brimnes RE-27 (2770)

Þorskígildisstuðull	Tegund	Kg. frá skipi	Þorskígildis kg. frá skipi
1	Þorskur	- 950.039	- 950.039
0,82	Ýsa	- 657.789	- 539.387
0,43	Ufsi	- 1.960.204	- 842.888
0,6	Karfi	- 2.525.575	- 1.515.345
0,64	Langa	- 259.310	- 165.958
0,38	Keila	- 293.705	- 111.608
0,68	Steinbítur	- 774.907	- 526.937
1,76	Skötuselur	- 2.523	- 4.440
1,67	Grálúða	- 186.773	- 311.911
1,02	Skarkoli	- 368.099	- 375.461
1,46	Þykkvalúra	- 64.357	- 93.961
0,52	Langlúra	- 317	- 165
0,38	Sandkoli	- 372	- 141
	<b>Samtals frá skipi:</b>	<b>- 8.043.970</b>	<b>- 5.438.242</b>
		<b>Kg. til skips</b>	<b>Þorskígildis kg. til skips</b>
0,57	Úthafsækja	2.012.998	1.147.409
	<b>Samtals til skips:</b>	<b>2.012.998</b>	<b>1.147.409</b>

<b>Mismunur í þorskígildis kg.</b>	- 6.030.972	- 4.290.833
------------------------------------	-------------	-------------

Heimild: Fiskistofa

Taflan að ofanverðu sýnir glögglega að mikið af aflamarki var flutt frá skipinu af útgerðinni Brim hf. eða rúmlega 6 þúsund tonn og það gerir tæplega 4,3 þúsund tonn í þorskígildum talið. Það sem veur eftirtekt skýrsluhöfunda er sú staðreynd að til Brimness voru flutt rúmlega 2 þúsund tonn af úthafsækju eða rúmlega 1,1 þúsund tonn í þorskígildum talið. Það sem veur í raun furðu skýrsluhöfunda er sú staðreynd að Brimnes RE – 27 veiddi aðeins rúmlega 9,5 tonn af úthafsækju á tilteknu fiskveiðiári 2007 – 2008. Annað sem veur furðu og eftirtekt skýrsluhöfunda er tímasetning á flutningi á stærstum hluta aflamarks í úthafsækju til Brimnes RE – 27. Það gerist tveimur dögum fyrir lok fiskveiðiársins 2007 – 2008.

**Um er að ræða eftirfarandi aflmarksfærslur þann 29. ágúst 2008.**

Tilvísunarnúmer: 5126248

Flutt frá: Sighvatur GK 57, skipaskráningarnúmer (975), í eigu Vísir hf. í Grindavík

Flutt til Brimnes RE 27, skipaskráningarnúmer (2770), í eigu Brims hf. í Reykjavík

Tegund: Úthafsækja

Aflamark: 724.000 kg. (724 tonn)

724.000 kg. \* 0,59 (þorskígildisstuðull úthafsækju)

**Samtals þorskígildi í aflmarksfærslu: 412.680 þorskígildis kg.**

**Þá er aflmarksfærsla sama dag, þann 29. ágúst 2008**

Tilvísunarnúmer: 512658

Flutt frá Stefnir ÍS 28, skipaskráningarnúmer (1451), í eigu HG á Ísafirði.

Flutt til Brimnes RE 27, skipaskráningarnúmer (2770), í Brims hf. í Reykjavík

Tegund: Úthafsækja

Aflamark: 391.104 kg. (391,104 tonn)

391.104 kg. \* 0,59 (þorskígildisstuðull úthafsækju)

**Samtals þorskígildi í aflmarksfærslu: 222.929 þorskígildis kg.**

**Samtals fékk Brim hf. 635.609 þorskígildis kg. (412.680 kg. + 222. 929 kg.) úr þessum tveimur aflamarksviðskiptum.**

Þá er vert að geta þess að yfirlit aflamarksviðskipta þessarar tilteknu dagsetningar sýna að að öllum líkindum greiddi Brim hf. 2 kr. fyrir kg. í þessum færslum og því samtals 2.230.208 kr.

Eins og áður segir vekur dagsetning þessarar aflamarksfærslu og viðskipta eftirtekt og furðu skýrsluhöfunda. Það er af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi hafði Brimnesið ekki veitt nema 9,5 tonn af úthafs-rækju þetta fiskveiðiár 2007 – 2008 og ekki neinar líkur á því að skipið myndi veiða rúmlega 1.115 tonn af úthafs-rækju á tveimur dögum!

Skýrsluhöfundar benda á að veiðiheimildasvið Fiskistofu hefði að öllum líkindum átt að neita Brim hf. um leigu á þessum aflaheimildum og byggja þá stjórnvaldsákvörðun á 1. mgr. 15. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna.

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetugu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

Það gefur augaleið að sú aðgerð að flytja 1.115 tonn af úthafs-rækju á Brimnesið RE – 27 tveimur dögum fyrir lok fiskveiðisársins er langt umfram veiðigetugu skipsins og sérstaklega þegar haft er í huga að á þessum tíma var Brimnes ekki að stunda veiðar á úthafs-rækju. Skýrsluhöfundar telja það á mælisvert af veiðiheimildasviði Fiskistofu að heimila slíkan flutning aflamarks á þessum tíma. Þetta vakti grunsemdir skýrsluhöfunda um að leiga á þessum tilteknu aflaheimildum væri framkvæmd í allt öðrum tilgangi en að veiða þær.

Í töflu að neðan sést í þorskígildum talið hver upphafleg úthlutun er hjá Brimnesi RE – 27 í efsta boxi. Í næsta boxi sést hver réttur útgerðar er að leigja frá Brimnesi RE – 27, sbr. 7. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Í boxi 3 er sýndur útreikningur á þessum rétti og hvað hann gefur rétt til leigja mikið aflamark frá Brimnesi í þorskígildum talið. Í boxi 4 er sýndur útreiknaður réttur útgerðar til að leigja aflamark frá Brimnesinu RE – 27. Í boxi 5 er mismunur á því sem útgerð leigði til/frá Brimnesi RE – 27. Þessi tala er í mínus og það skýrist út af því að þetta magn fór frá skipinu að teknu tilliti til þess aflamarks sem kom til skipsins og nánar útskýrt í töflu að framan. Box 6 sýnir eftirstandandi rétt útgerðarinnar Brim hf. við enda fiskveiðisársins 2007-2008, á miðnætti þann 31. ágúst 2008 til að leigja frá sér aflamark af Brimnesi RE – 27.

Aflahlutdeild 2007-2008 í þorskígildis kg.	8.585.301	< Box 1
Réttur skv. 7. mgr. 15. gr. Til útleigu aflamarks	50%	< Box 2
Réttur til útleigu aflamarks reiknaður	8.585.301*50%	< Box 3
Samtals réttur til útleigu aflamarks í þorskígildis kg.	4.292.651	< Box 4

Mismunur í þorskígildis kg.	- 4.290.833	< Box 5
Samtals eftirstandi réttur til útleigu aflamarks	1.818	< Box 6

*Heimild: Fiskistofa*

Af þessu má draga þá ályktun að Brim hf. hafi nýtt sér 7. mgr. 15. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna til að braska með aflamark í úthafsækju. Brim hf. virðist hafa leigt til sín 1.115 tonn af úthafsækju til þess eins að búa til rétt handa útgerðinni, til að leigja frá sér aflamark annarra tegunda. Þarna má draga þá ályktun að aflamark úthafsækju hafi verið notað sem eins konar millifærsla og skiptimynt hjá útgerðinni til að láta frá sér aflamark í öðrum tegundum.

Skýrsluhöfundar ákváðu að skoða nánar Brim hf. til fá skýrari heildarmynd og þar var margt athyglisvert sem kom fram og er um það vísað er til töflu sem er í viðauka 1 við skýrsluna, en sú tafla sýnir mismun í aflamarksfærslum frá/til hverju skipi og tegund sem Brim hf. hefur aflamarksheimild yfir að ráða.

Það sem vekur eftirtekt er sú staðreynd að Brim hf. leigði til sín tæp 1.700 tonn af úthafsækju umfram útleigu frá útgerðinni í heildina litið, þar sem fyrir liggur að skip útgerðarinnar veiddu sáralítið af úthafsækju. Mest fór til Brimness RE – 27 . Það má draga þá ályktun þegar skoðuð er útleiga á öðrum tegundum að Brim hf. leigi til sín úthafsækju til að öðlast rétt skv. 7. mgr. 15. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna að leigja frá aflamark í öðrum tegundum, t.d. þorski, ýsu, karfa og steinbít og að öllum líkindum haft af því miklar tekjur, samanber töfluna í viðauka 1.

Í almennri framkvæmd virkar þetta þannig að útgerðaraðili sem ræður yfir t.d. ýsukvóta og vill setja hann á leigumarkað, en hefur fullnýtt heimildir laga til að leigja frá sér kvóta, sbr. 7. mgr. 15. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna þarf að grípa til þeirra ráða að auka heimildir sínar í öðrum og ódýrari tegundum til að geta leigt frá sér dýrari tegundirnar. Útgerðaraðilinn leigir því næst til sín t.d. 100 tonn af úthafsækju seinni part eða í lok fiskveiðiárs þar sem þá er mjög oft mikil eftirspurn eftir bolfiskkvóta á leigumarkaði, til einföldunar er hægt að segja á yfirstandandi fiskveiðiári 2008-2009. Úthafsækjan leigist á t.d. 5 kr./kg. sem er raunhæft leiguverð og því yrðu 100 tonninn á samtals 500.000 kr. og reiknast úthafsækjukvótinn í þorskígildisstuðli 0,49 sem gefur 71 tonn af ýsukvóta fyrir útgerðaraðilann til að leigja frá sér, þar sem ýsa er í þorskígildisstuðli 0,69. Þetta gerir útgerðaraðilinn til að auka við skráðan kvóta á skipið sitt svo hann öðlist heimild til að leigja ýsukvótann frá sér til þriðja aðila. Með heimild upp á að leigja frá sér 71 tonn af ýsu, þá ætti hann að fá um 44,83 kr./kg. í leigutekjur af ýsukvótanum eða 3.183.000 kr. Hagnaður af þessu braski er því = 2.683.000 kr. (3.183.000 kr. – 500.000 kr.)



Með þessari aðgerð losar útgerðin til sín mikla fjármuni með því að leigja til sín úthafs-rækjukvóta ódýrt og leigja frá sér ýsukvóta dýrt. Þetta er mjög ábatasöm aðgerð fyrir útgerðina en gríðarlega óhagstæð fyrir þjóðarbúið. Þar með brennur úthafs-rækjukvótinn inni en handhafi ýsukvótans græðir á daginn og grillar á kvöldin á meðan hann hugsar um vel heppnuð dagsverk í kvótabraski.

Þetta er braskið sem rækjuútgerð landsins þarf að líða fyrir og því er ekki nokkur leið fyrir nýliða að komast að í greininni, jafnvel þó þeir vilji veiða tegundir eins og úthafs-rækju sem er ekki nýtt. Meðan þetta fyrirkomulag er við lýði, þá er ljóst að rækjuiðnaðurinn mun ekki ná sér á strik og búa til tekjur og atvinnu, enda hagnast handhafar aflaheimildanna meira á því að láta heimildir í tegundum eins og úthafs-rækju detta niður dauðar en að veiða þær, líkt og áður hefur verið rakið.

Jafnframt ber að hafa í huga að rækjuiðnaðurinn á Íslandi hefur verið knúinn áfram á síðustu árum af innfluttu hráefni, þ.e. úthafs-rækju sem veiðist t.d. hinu megin við miðlínu Grænlands og Íslands! Mikið hefur verið flutt inn af rækju frá færeyskum, kanadískum, norskum og grænlenstum togurum. Fyrir þetta greiða rækjuvinnslurnar með erlendum gjaldeyri sem þyrfti ekki eins mikið að nota í svona viðskipti ef rækjan væri veidd við Ísland og af íslenskum útgerðum sem fengu greitt í íslenskum krónum. Ef rækjuútgerð færi af stað aftur, þá yrði það bæði gjaldeyrisaukandi og gjaldeyrisparandi. Margar rækjuvinnslur eru á norð-vestanverðu landinu og því er endurreisn rækjuiðnaðar gríðarlega mikilvæg fyrir þann landshluta.

Skýrsluhöfundar leggja til að úthafs-rækja verði tekin út úr aflamarkskerfinu og veiðar gefnar frjálssar upp ákveðnu hámarki til íslenskra skipa sem og skipa sem hafa stundað veiðar undir íslensku flaggi en hafa verið undir erlendu flaggi um stundarsakir. Með þessu yrði mikill viðsnúningur í atvinnulífinu í sjávarútvegi sem hefði víða áhrif inn í aðra geira atvinnulífsins án nokkurs tilkostnaðar fyrir ríkissjóð eða að minnsta kosti mjög litlum.

## **1.2. Grálúða:**

Grálúðukvótinn hefur verið vannýttur síðustu ár og eru ýmsar ástæður sem liggja þar að baki. Ein helsta ástæðan er sú að grálúða vegur þungt í þorskígildum talið og því hagkvæmt fyrir útgerðir sem hafa yfir kvóta að ráða og fá úthlutað frá stjórnvöldum á hverju ári, að sitja á kvótanum og nota kvótann í svokallaðar tegundatilfærslur. Það þýðir að grálúðu er breytt yfir í aðra fisktegund og veidd sem slík. Þetta er mjög hagkvæmt þar sem grálúðan er mjög hátt metin í þorskígildum.

Á síðustu tveimur árum hefur mikið af úthlutuðum kvóta ekki verið veiddur og tapast þar með mikil verðmæti og mörg störf og ekki minnst þegar haft er í huga að rækjuveiðar með yfirpoka eru háðar því að

aflaheimildir séu til staðar fyrir grálúðu sem kemur með sem meðafli við rækjuveiðar. Að neðan sést hvernig hátt í helmingur af úthlutuðum kvóta hefur fallið niður ónýttur.

	Aflamark	Veitt	Óveitt	Ónýtt %
<b>2006-2007</b>	16.060	9.171	6.889	<b>43%</b>
<b>2007-2008</b>	16.477	8.966	7.511	<b>46%</b>
<b>Samtals</b>	<b>32.537</b>	<b>18.137</b>	<b>14.400</b>	<b>44%</b>

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

Eins sést á töflunni að ofan hefur stór hluti grálúðukvótans ekki verið nýttur, eða 44% síðustu tveggja fiskveiðiára. Ein helsta skýringin er sú að handhafar kvótans sitja á kvótanum til að nota í tilfærslur og breyta grálúðu t.d. í steinbít eða ýsu! Í töflunni að neðan sést þetta glögglega. Með því að breyta grálúðu í aðrar tegundir geta útgerðir leigt frá sér t.d. ýsukvóta á 45 kr. kg. og breytt grálúðu sem útgerðirnar áttu fyrir í ýsu, þar sem 1 kg. af grálúðu vigtar um 2 kg. af ýsu skv. þorskígildisstuðlum. Í töflunni að neðan sést að árlega síðan fiskveiðiárið 2003 – 2004, hefur mörg þúsundum tonna af grálúðu verið breytt í aðrar fisktegundir. Heimildina í lögum er að finna í 1. mgr. 11. gr. fiskveiðistjórnunarлага.

	Aflamark	Tilfærslur	Tilfærslur %
<b>2003-2004</b>	24.310	3.424	<b>14%</b>
<b>2004-2005</b>	17.987	3.499	<b>19%</b>
<b>2005-2006</b>	16.145	2.182	<b>14%</b>
<b>2006-2007</b>	16.060	2.548	<b>16%</b>
<b>2007-2008</b>	16.477	2.521	<b>15%</b>
<b>Samtals</b>	<b>90.979</b>	<b>14.174</b>	<b>16%</b>

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

Það dylst engum þegar þessar tölur eru skoðaðar að handhafar kvótans í grálúðu líta ekki einungis á útgefinn kvóta í grálúðu sem veiðiheimildir í fiski, heldur virðist það vera líka þannig að kvótahafar líta á grálúðukvóta sem viðskiptatækifæri til að braska með kvótann og breyta í aðrar tegundir þar sem þorskígildisstuðull grálúðu er hár miðað við aðrar tegundir. Þetta bitnar á útgerð þar sem grálúða er uppistaða afla eða kemur sem meðafli. Útgerðir lenda í þeirri stöðu að þær fá ekki kvóta til að stunda sínar veiðar þar sem handhafar grálúðukvótans sitja á kvótanum til að braska með hann. Þetta umhverfi kemur sérstaklega illa fyrir rækjuútgerðir þar sem grálúðukvótinn er ekki í boði til þeirra frá handhöfum kvótans, hvorki leigður eða keyptur.

Skýrsluhöfundar leggja til að grálúða verði tekin út úr aflamarkskerfinu og veiðar gefnar frjálssar upp ákveðnu hámarki til íslenskra skipa sem og skipa sem hafa stundað veiðar undir íslensku flaggi en hafa verið undir erlendu flaggi um stundarsakir.

### 1.3. Sandkoli:

Sandkoli er kvótategund sem ekki hefur verið nýtt að fullu og í samræmi við útgefinn kvóta. Sandkoli veiðist mest við suður- og suðvesturströndina og er mikilvægur fyrir vinnslur á Suðurnesjum og í Þorlákshöfn. Sandkolavinnsla skapar gjaldeyri fyrir þjóðarbúið og störf á því svæði þar sem kreppan kemur hvað harðast niður á Íslandi. Sandkoli er mikilvæg auðlind fyrir þessi svæði þar sem hefð er fyrir veiðum og vinnslu á tegundinni, auk þess er mikil þekking á veiðum og vinnslu sem býr í mannauði á svæðinu. Á töflunni að neðan sést að stór hluti kvótans hefur ekki verið veiddur á síðustu árum:

	Aflamark	Veitt	Óveitt	Ónýtt %
<b>2005-2006</b>	4.307	1.148	3.160	<b>73%</b>
<b>2006-2007</b>	2.431	732	1.699	<b>70%</b>
<b>2007-2008</b>	1.686	544	1.142	<b>68%</b>
<b>Samtals</b>	<b>8.424</b>	<b>2.424</b>	<b>6.001</b>	<b>71%</b>

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

Þarna sést að nálægt  $\frac{3}{4}$  kvótans hefur ekki verið nýttur síðustu þrjú ár. Sandkoli veiðist aðallega í dragnót á bátum og skipum á bilinu 50 brt. – 300 brt. og því er það kjörið tækifæri fyrir stjórnvöld að opna leiðir fyrir nýliða að hasla sér völl í sjávarútvegi með því að stuðla af því að úthlutaður kvóti náist. Það þarf ekki mikla fjárfestingu til að koma kolaútgerð af stað og hefði það gríðarlega jákvæð áhrif á svæðum þar sem einna helst gætir neikvæðra áhrifa kreppunnar. Þess bera að geta að sandkoli er mikið notaður í svokallaðar tilfærslur á milli tegunda og vikið er seinna að í greinargerðinni.

Skýrsluhöfundar leggja til að sandkoli verði tekinn út úr aflamarkskerfinu og veiðar gefnar frjálssar upp ákveðnu hámarki til íslenskra skipa sem og skipa sem hafa stundað veiðar undir íslensku flaggi en hafa verið undir erlendu flaggi um stundarsakir. Með þessu yrði blásið til sóknar fyrir ný tækifæri í útgerð og vinnslu á suðurlandi og suðurnesjum.

### 1.4. Langlúra:

Langlúrukvótinn var langt í frá að vera fullnýttur á síðasta fiskveiðiári. Langlúran veiðist mikið á svipuðum veiðislóðum og sandkoli og skráplúra. Langlúra á því samleið með framangreindum kolategundum og þeim tillögum sem koma fram í þessari greinargerð.

	Aflamark	Veitt	Óveitt	Ónýtt %
<b>2007-2008</b>	2.446	1.417	1.029	<b>42%</b>

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

Það sem langlúra á sameiginlegt með grálúðu og fleiri tegundum, er að handhafar kvótans nota tegundina og útgefinn kvóta til að breyta yfir í aðrar tegundir með tilfærsluheimildinni í fiskveiðistjórnunarlögunum. Taflan að neðan sýnir þetta glögglega.

	Aflamark	Tilfærslur	Tilfærslur %
<b>2007-2008</b>	2.446	298	12%

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

Þessar tegundatilfærslur verða til þess að tilhneiging er hjá handhöfum kvótans að sitja á kvótanum ónýttum og braska með hann. Það verður til þess að þeir aðilar sem hafa áhuga og vilja til veiða útgefinn kvóta fá ekki tækifæri til þess.

Skýrsluhöfundar leggja til að langlúra verði tekin út úr aflamarkskerfinu og veiðar gefnar frjálssar upp ákveðnu hámarki til íslenskra skipa sem og skipa sem hafa stundað veiðar undir íslensku flaggi en hafa verið undir erlendu flaggi um stundarsakir. Með þessu yrði blásið til sóknar fyrir ný tækifæri í útgerð og vinnslu á suðurlandi og suðurnesjum. Auk þess virkar þessi aðgerð þegar haft er í huga að skýrsluhöfundar leggja til að sandkoli sé einnig tekinn út úr aflamarkskerfinu og veiðar gefnar frjálssar upp að ákveðnu hámarki.

### 1.5. Skrápflúra:

Það sama gildir um skrápflúru og um sandkola. Skrápflúra veiðist aðallega við suðurströndina og hefur útgefinn kvóti skrápflúru ekki verið nýttur í nokkur ár og mikið af kvótanum fallið ónýttur niður og því brunnið inni. Í töflunni að neðan sést hve mikið hefur fallið ónýtt niður síðustu ár.

	Aflamark	Veitt	Óveitt	Ónýtt %
<b>2005-2006</b>	3.771	582	3.189	<b>85%</b>
<b>2006-2007</b>	1.822	239	1.584	<b>87%</b>
<b>2007-2008</b>	1.161	193	968	<b>83%</b>
<b>Samtals</b>	<b>6.754</b>	<b>1.014</b>	<b>5.741</b>	<b>85%</b>

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

Af þessari töflu má sjá að mikill hluti kvótans er ekki nýttur og því skapast engin störf í kringum þennan kvóta svo heitið geti, en nær allur kvótinn er ónýttur.

Skýrsluhöfundar leggja til að skrápflúra verði tekin út úr aflamarkskerfinu og veiðar gefnar frjálssar upp ákveðnu hámarki til íslenskra skipa sem og skipa sem hafa stundað veiðar undir íslensku flaggi en hafa verið undir erlendu flaggi um stundarsakir. Með þessu yrði blásið til sóknar fyrir ný tækifæri í útgerð og

vinnslu á suðurlandi og suðurnesjum. Auk þess virkar þessi aðgerð þegar haft er í huga að skýrsluhöfundar leggja til að sandkoli og langlúra sé líka tekin út úr aflamarkskerfinu og veiðar gefnar frjálssar upp að ákveðnu hámarki. Þessi aðgerð mun verða gríðarlega mikil lyftistöng fyrir kolavinnslu og útgerð á kolategundir.

#### 1.6. Ufsi:

Ufsi er kvótategund sem er mikið veidd við Ísland en því miður hafa mörg þúsund tonn af ufsakvóta ekki verið nýtt síðustu ár. Í töflunni að neðan sést það.

	Aflamark	Veitt	Óveitt	Ónýtt %
<b>2006-2007</b>	71.088	55.817	15.271	<b>21%</b>
<b>2007-2008</b>	72.387	56.021	16.366	<b>23%</b>
<b>Samtals</b>	<b>143.475</b>	<b>111.838</b>	<b>31.637</b>	<b>22%</b>

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

Af þessum tölum má sjá að ekki hefur náðst að veiða tæp 32.000 tonn af ufsakvóta síðustu tvö ár. Eða rúmlega 1/5 af útgefnum kvóta í ufsa. Þegar um er að ræða þetta mikið magn sem fer forgörðum af útgefnum kvóta í ufsa, þá mætti benda á það að með því að liðka fyrir aðilum sem hafa áhuga á að nýta leyfilegan útgefin kvóta í ufsa, þá geta stjórnvöld stuðlað að aukinni fjárfestingu í sjávarútvegi og opnað dyr fyrir nýliðun í greininni. Auk þess að skapa atvinnu og gjaldeyri.

Ufsi veiðist bæði af netabátum, trollbátum og togurum og þá mest við suðvesturhornið, úti fyrir vesturlandi og vestfjörðum og suðausturströnd landsins.

Skýrsluhöfundar leggja til að ufsi verði tekinn út úr aflamarkskerfinu og veiðar gefnar frjálssar upp ákveðnu hámarki til íslenskra skipa sem og skipa sem hafa stundað veiðar undir íslensku flaggi en hafa verið undir erlendu flaggi um stundarsakir. Þetta mun skapa mikil verðmæti fyrir þjóðarbúið og verða innspýting inn í efnahagslífið þar sem hér er um að ræða gríðarlegt magn af aflaheimildum sem losna og menn geta veitt. Þetta er að öllum líkindum mjög atvinnuskapandi aðgerð og mun styrkja innlendar landvinnslur gríðarlega þar sem ætla má að aukið hráefni muni koma til þeirra með þessari aðgerð. Atvinnuuppbyggjandi aðgerð sem kostar ríkissjóð litla sem enga fjármuni.

## 2. Úthafsveiðar:

### 2.1. Flæmingjarækja:

Flæmingjarækja veiðist á alþjóðlegu hafsvæði austur af Kanada sem kallast Flæmski hatturinn og hluti af veiðinni fer fram á svokölluðu 3L svæði á Miklabanka. Íslenskar rækjuútgerðir hafa stundað þar veiðar á síðustu árum en engin rækjuútgerð hefur nýtt kvótann á síðustu árum eins og sést á töflunni að neðan.

	Aflamark	Veitt	Óveitt	Ónýtt %
<b>2007</b>	13.745	0	13.745	<b>100%</b>
<b>2008</b>	13.778	0	13.778	<b>100%</b>
<b>Samtals</b>	<b>27.523</b>	<b>0</b>	<b>27.523</b>	<b>100%</b>

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

Veiðar á úthafsækju á Íslandmiðum vinna mjög vel saman við veiðar á Flæmingjarækju á Flæmska hattinum og 3L svæðinu á Miklabanka, en rækjuveiðar á Flæmingjagrunni lögðust af á sínum tíma þar sem hátt gengi krónunnar hafði mest áhrif. Rækjuútgerðir geta stýrt veiðum með þeim hætti að rækjufrystitogarnar stundi veiðar á sitthvoru veiðisvæðinu þegar best veiði er á hvoru svæðinu fyrir sig. Rækjuverksmiðjur á Íslandi njóta góðs af veiði á Flæmingjarækju þar sem hátt hlutfall veiðinnar fer í áframhaldandi vinnslu í rækjuverksmiðjum á Íslandi. Það skapar atvinnu og býr til verðmæti sem skilar gjaldeyri inn í þjóðarbúið. Það er því mjög mikilvægt að skoða samhengi úthafsækju-, grálúðu- og Flæmingjarækjukvótans. Þessar veiðar eru samhangandi fyrir rækjuútgerðina í landinu og mikilvægt að því sé haldið til haga og horft til þess að stór hluti aflans, eða um 60-70% fara til áframhaldandi vinnslu í rækjuverksmiðjum á Íslandi, þá einkum helst á norðvestanverðu landinu.

Skýrsluhöfundar leggja til að Flæmingjarækja verði tekin út úr aflamarkskerfinu og veiðar gefnar frjálssar upp ákveðnu hámarki til íslenskra skipa sem og skipa sem hafa stundað veiðar undir íslensku flaggi en hafa verið undir erlendu flaggi um stundarsakir. Þessi aðgerð mun hjálpa til við endurreisn rækjuútgerðar á Íslandi og skila mikið af hráefni til rækjuverksmiðja á Íslandi sem mun skapa mörg störf.

### 2.2. Úthafskarfi:

Úthafskarfinn er veiddur bæði innan íslenskrar lögsögu og utan á Reykjaneshryggnum. Þetta er sameiginlegur stofn sem margar þjóðir nýta. Í töflunni að neðan sést að úthlutaður kvóti í úthafskarfa hefur ekki náðst síðustu ár og því mikið af honum fallið ónýttur niður og skilað þar af leiðandi minni tekjum inn í þjóðarbúið.

	Aflamark	Veitt	Óveitt	Ónýtt %
<b>2007</b>	22.507	18.216	4.291	<b>19%</b>

<b>2008</b>	8.477	6.785	1.692	<b>20%</b>
<b>Samtals</b>	<b>30.984</b>	<b>25.001</b>	<b>5.983</b>	<b>19%</b>

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

Með því að auðvelda aðilum aðkomu að kvóta í úthafskarfa, skapast fjárfestingarstemning fyrir aðila sem hafa áhuga á að fjárfesta í skipum sem geta veitt í flottroll. Það skapar atvinnu og stóreykur gjaldeyrstekjur þjóðarbúsins þar sem mikil verðmæti fara forgörðum þegar úthafskarfinn er ekki nýttur að því marki sem leyfilegt er af hálfu stjórnvalda.

Skýrsluhöfundar leggja til að úthafskarfi verði tekinn út úr aflamarkskerfinu og veiðar gefnar frjálssar upp ákveðnu hámarki til íslenskra skipa sem og skipa sem hafa stundað veiðar undir íslensku flaggi en hafa verið undir erlendu flaggi um stundarsakir. Þessi aðgerð mun styrkja útgerðir sem hafa áhuga á að nýta rétt Íslendinga til að veiða úthafskarfa og þessi aðgerð mun skila sér í því að fleiri skip reyna að veiða úthafskarfann og það býr til verðmæt sjómannastörf og skilar inn skatttekjum til ríkissjóðs.

### 3. Setið á kvóta án veiðigetu

Jafnframt er hægt að nefna dæmi um mjög mörg fiskiskip sem sitja á aflaheimildum í þessum tegundum án þess að veiða svo mikið sem eitt kíló og án þess að hafa veiðigetu til þess að stunda veiðar á þessum stofnum. Sem dæmi um þetta má nefna línubátinn Sighvat GK - 57, í eigu Vísis hf. í Grindavík, sem hefur komist yfir tæp 16% úthafsækjuskvótans án þess að hafa nokkra veiðigetu til þess að geta sótt þessi verðmæti. Í 6. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða stendur:

Heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti, enda leiði flutningur aflahlutdeildar ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

Í ljósi þessa ákvæðis verður að telja undarlegt að hægt hafi verið að fá heimildirnar fluttar yfir á umræddan línubát, enda virðist ljóst að hann getur tæplega haft *veiðigetu* til þess að sækja aflann yfir höfuð, enda ljóst að rækja verður seint veidd á línu. Hefur þessi bátur enda ekki sótt eitt kíló af þessum verðmætum sem hann þó hefur heimild til þess að sækja. Þetta er því miður ekkert einsdæmi, en sýnir glögg hversu brotalamirnar í núverandi kerfi eru stórar. Skýrsluhöfundum þykir það furðu sæta að Fiskistofa hafi heimilað flutning afhlutdeildarinnar á sínum tíma en hana er hægt að finna hjá Fiskistofu í þremur færslum.

#### Fyrsta aflahlutdeildarfærsla þann 17. maí 2006:

Tilvísunarnúmer: 5091621

Flutt frá Óskar RE 157, skipaskráningarnúmer (962)

Flutt til Sighvatur GK 57, skipaskráningarnúmer (975), í eigu Vísir hf. í Grindavík

Tegund: Úthafsrækja

Aflahlutdeild: 2,85996778%

**Og önnur aflahlutdeildarfærslan er 19. maí 2006**

Tilvísunarnúmer: 5091784

Flutt frá Óskar RE 157, skipaskráningarnúmer (962),

Flutt til: Sighvatur GK 57, skipaskráningarnúmer (975), í eigu Vísir hf. í Grindavík

Tegund:	Úthafsrækja	Flæmingjarækja	Innfjarðarrækja í Skjálfandaflóa
Aflahlutdeild:	9,4112062%	4,2572184%	33,3333333%

**Þriðja aflahlutdeildarfærslan er síðan þann 2. ágúst 2007.**

Tilvísunarnúmer: 5111099

Flutt frá Fjölni SU 57, skipaskráningarnúmer (237)

Flutt til Sighvatur GK 57, skipaskráningarnúmer (975), í eigu Vísir hf. í Grindavík

Tegund: Úthafsrækja

Aflahlutdeild: 2,7381301%

Þess ber að geta að Fjölnir SU – 57, er líka línubátur í eigu Vísir hf. Skýrsluhöfundar telja að fullt tilefni sé að rannsaka og fara yfir störf veiðiheimildasviðs Fiskistofu í ljósi framangreindra upplýsinga um hvort Fiskistofa starfi samkvæmt þeim lagaákvæðum og reglum sem lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 kveða á um. Leggja skýrsluhöfundar til að sú vinna hefjist sem allra fyrst.

Skýrsluhöfundar leggja til að þar til bærir aðilar taki til endurskoðunar störf veiðiheimildasviðs Fiskistofu á árunum 2000 – 2009. Það er margt sem vekur furðu skýrsluhöfunda hvernig staðið hefur verið að málum á veiðiheimildasviði Fiskistofu og það lítur út fyrir að veiðiheimildasvið hafi ekki farið eftir settum lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Frekar má leiða líkur að því að veiðiheimildasvið Fiskistofu hafi



haft hagsmuni kvótahafa að leiðarljósi en litið framhjá lögum í mörgum tilfellum og ekki farið eftir þeim lögum og reglum sem gilda.

#### 4. Tilfærslur

Tilfærslur kallast það þegar fiski breytt úr einni tegund yfir í aðra tegund. Þetta er mikil meinsemd í kerfinu þar sem handhafar kvótans freistast til að sitja á kvótanum án þess að veiða hann, heldur vilja útgerðir nota kvótann til að breyta yfir í aðrar tegundir. Það verður til þess að þeir sem vilja veiða kvótann fá ekki kvóta til þess, þó svo að þeir séu tilbúnir til að borga hátt leiguverð eða kaupa hann dýrum dómum sem varanlega heimild.

Dæmi um tilfærslu er þegar grálúðu er t.d. breytt yfir í steinbít. Á yfirstandandi fiskveiðiári 2008-2009 er þorskígildisstuðull grálúðu 1,23 en steinbíts er 0,60 sem þýðir að eitt kíló af grálúðu sem breytt er yfir í steinbít gefur af sér 2,05 kg. af steinbít!

Heimildina í lögum er að finna í 1. mgr. 11. gr. fiskveiðistjórnunarлага.

Heimilt er að veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega í samræmi við verðmætahlutföll einstakra tegunda, sbr. 19. gr. Heimild þessi takmarkast við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks en umframafli í hverri botnfisktegund má þó ekki vera meiri en sem nemur 2% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram aflamark í þorski. Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða að takmörkun á heimild skv. 2. málsl. skuli í ákveðnum fisktegundum miðast við hærri viðmiðun en 2% af heildaraflaverðmæti botnfiskaflamarks.

Í framkvæmd virkar þetta kerfi þannig að handhafar kvótans sitja á veiðiheimildum, t.d. í grálúðu og nota hana til að breyta yfir í aðrar tegundir þar sem grálúðan er með mjög háan þorskígildisstuðul. Taflan að neðan sýnir þróun þorskígildisstuðla síðustu fiskveiðiára. Þar sést að grálúða er alltaf hátt metin í þorskígildum.

Fiskveiðiár	2008/09	2007/08	2006/07	2005/06	2004/05	2003/04	2002/03	2001/02	2000/01
Þorskur	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Ýsa	0,69	0,82	0,81	0,75	0,68	0,94	1,2	1,2	1,15
Ufsi	0,38	0,43	0,42	0,37	0,36	0,43	0,48	0,45	0,5
Karfi	0,42	0,6	0,69	0,54	0,47	0,5	0,54	0,55	0,55
Langa	0,49	0,64	0,6	0,55	0,56	0,79	0,88	0,75	
Keila	0,33	0,38	0,37	0,35	0,39	0,5	0,54	0,5	
<b>Grálúða</b>	<b>1,23</b>	<b>1,67</b>	<b>1,98</b>	<b>2,04</b>	<b>1,64</b>	<b>1,44</b>	<b>1,62</b>	<b>1,65</b>	<b>1,65</b>

Skarkoli	0,81	1,02	1,18	1,29	1,13	1,16	1,28	1,2	1,25
Steinbítur	0,6	0,68	0,71	0,68	0,62	0,68	0,69	0,65	0,65
Skötuselur	1,34	1,76	1,8	1,6	1,59	1,68	1,98	2,05	
Langlúra	0,5	0,52	0,59	0,63	0,7	0,61	0,7	0,65	0,7
Sandkoli	0,29	0,38	0,48	0,52	0,49	0,47	0,47	0,45	0,5
Skráþflúra	0,26	0,29	0,46	0,45	0,44	0,43	0,48	0,5	0,5
Þykqualúra	1,21	1,46	1,43	1,55	1,62	1,69	1,62	1,4	1,2
Síld	0,07	0,1	0,13	0,14	0,09	0,1	0,16	0,06	0,06
Loðna	0,09	0,09	0,1	0,06	0,06	0,05	0,05	0,04	0,03
Kolmunn	0,06	0,07	0,05	0,05	0,05	0,05	0,05	0,03	
Gulllax	0,32	0,36	0,44	0,4	0,38	0,36	0,43	0,4	
Úthafsækja	0,49	0,57	0,67	0,68	0,68	0,72	0,71	0,8	0,9
Innfjarðarrækja	0,52	0,52	0,36	0,36	0,45	0,46	0,52	0,8	0,9
Hörpudiskur						0,24	0,25	0,25	0,3
Humar (Slitinn)	4,68	5,05	6,42	6,45	6,52	6,74	7,15	6,95	6,85
Úthafskarfi	0,41	0,69	0,73	0,51	0,45	0,5	0,54	0,55	0,6
Norsk-ísl. Síld	0,09	0,14	0,23	0,15	0,11	0,13	0,12	0,04	0,04
Flæmingjarækja	0,44	0,44	0,75	0,84	0,88	0,82	0,97	0,8	0,9
N.íshafsporskur	1	1	1	1	1	1	1	1	1

Heimild: Fiskistofa

Þá verður í kjölfarið tilhneiging hjá útgerðarfyrirtækjum að hvorki veiða grálúðukvótann eða leigja kvótann frá sér til þriðja aðila sem vill veiða fiskinn. Þetta sést glögglega þegar skoðaðar eru tilfærslur með grálúðukvóta síðustu ár og grálúðu þannig breytt í aðrar fisktegundir. Þúsundum grálúðutonna hefur þannig verið breytt í gegnum árin líkt og sjá má í töflunni að neðan:

#### Grálúðukvóti í tilfærslum:

	Aflamark	Tilfærslur	Tilfærslur %
<b>2003-2004</b>	24.310	3.424	<b>14%</b>
<b>2004-2005</b>	17.987	3.499	<b>19%</b>
<b>2005-2006</b>	16.145	2.182	<b>14%</b>
<b>2006-2007</b>	16.060	2.548	<b>16%</b>
<b>2007-2008</b>	16.477	2.521	<b>15%</b>
<b>Samtals</b>	<b>90.979</b>	<b>14.174</b>	<b>16%</b>

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

Til einföldunar þá getum við heimfært þorskígildisstuðul á yfirstandandi fiskveiðiarí 2008-2009 á síðustu fiskveiðiar og þá er þorskígildisstuðull grálúðu 1,23 en steinbíts er 0,60 sem þýðir að 14.174 tonn gefa okkur 29.056,7 tonn af steinbít! Fleiri tegundum er ráðstafað með svipuðum hætti en þó er mismunandi

Þorskígildisstuðull á milli tegunda. En afleiðingarnar eru þær sömu, útgerðir sitja á kvótanum án þess að veiða hann eða gera tilraun til að gera það!

Raunverulegt dæmi um slíkt má sjá þegar skoðaðar eru tilfærslur og útleiga á kvóta hjá Brim hf. á síðasta fiskveiðiári 2007 – 2008.

Þorskígildisstuðlar	0,82	1,67	0,68	0,64	0,38	1,02
Tegundir fiskveiðiár 2007 - 2008	<b>Ýsa</b>	<b>Grálúða</b>	<b>Steinbítur</b>	<b>Langa</b>	<b>Keila</b>	<b>Skarkoli</b>
Mismunur í út- eða innleigu í kg.	- 457.389	637.829	- 577.583	- 252.840	- 293.279	- 295.029
Mismunur í út- eða innleigu í þorskígildis kg.	- 375.059	1.065.174	- 392.756	- 161.818	- 111.446	- 300.930

*Heimild: Fiskistofa*

Eins og sést í töflunni að ofan þá leigði Brim hf. út frá sér 457 tonn af ýsu, 577 tonn af steinbít, 252 tonn af löngu, 293 tonn af keilu og 295 tonn af skarkola. Hins vegar leigði Brim hf. inn til sín tæplega 638 tonn af grálúðu. Það er mjög athyglisvert að mati skýrsluhöfunda að Brim hf. skuli leigja til sín svona mikið af grálúðu. Skýrsluhöfundar telja að Brim hf. hafi notfært sér lagaákvæði sem er að finna í 2. mgr. 11. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna. En þar segir:

Hafi aflamark verið flutt milli skipa skv. 15. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.

En Brim hf. hafði leigt frá sér mikið af ýsu, steinbít, löngu, keilu og skarkola og því sætti það furðu skýrsluhöfunda að Brim hf. skuli búa til mikinn ýsu- og steinbít kvóta með tilfærslum. Því telja skýrsluhöfundar að leiða megi að því líkur að Brim hf. hafi verið að nýta sér 2. mgr. 11. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna. Það sést glögglega þegar skoðaðar eru tilfærslur hjá Brim hf. fiskveiðiárið 2007 – 2008.

Þorskígildisstuðlar	0,82	1,67	0,68	0,64	1,02
Tegundir fiskveiðiár 2007 - 2008	<b>Ýsa</b>	<b>Grálúða</b>	<b>Steinbítur</b>	<b>Langa</b>	<b>Skarkoli</b>
Tilfærslur í kg.	350.019	- 328.495	196.342	42.152	44.464
Tilfærslur í þorskígildis kg.	287.016	- 548.587	133.513	26.977	45.353

*Heimild: Fiskistofa*

Taflan að ofan sýnir hvernig Brim hf. hefur notað tilfærslur til að breyta grálúðu í aðrar tegundir. Brim hf. bjó þannig til 350 tonn af ýsu, 196 tonn af steinbít, 42 tonn af löngu og 44 tonn af skarkola. Það má draga þá ályktun að þetta brask fram og til baka með kvóta hafi gefið vel í aðra hönd fyrir Brim hf. og má leiða

af því líkur að hagnaður Brim hf. af þessu braski geti numið tugum ef ekki hundruð milljónum króna. Á meðan blæðir íslenska þjóðarbúið þar sem ekki næst útgefinn kvóti í grálúðu.

Fleiri tegundir eru notaðar í tilfærslur og tegunda breytingar. Hér á eftir gefur að líta á töflur sem sýna sláandi mynd af því hvernig kvótakerfið virkar í tilfærslum:

#### Skrápflúrukvóti í tilfærslum:

	Aflamark	Tilfærslur	Tilfærslur %
2000-2001	4.910	2.077	42%
2001-2002	4.784	2.133	45%
2002-2003	4.909	2.150	44%
2003-2004	5.072	2.039	40%
2004-2005	5.335	3.277	61%
2005-2006	3.771	2.449	65%
2006-2007	1.822	975	54%
2007-2008	1.161	480	41%
<b>Samtals</b>	<b>31.764</b>	<b>15.580</b>	<b>49%</b>

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

#### Sandkolakvóti í tilfærslum:

	Aflamark	Tilfærslur	Tilfærslur %
2000-2001	5.760	3.178	55%
2001-2002	4.057	326	8%
2002-2003	6.653	1.719	26%
2003-2004	7.286	2.316	32%
2004-2005	5.806	2.477	43%
2005-2006	4.307	2.324	54%
2006-2007	2.431	971	40%
2007-2008	1.686	599	36%
<b>Samtals</b>	<b>37.986</b>	<b>13.910</b>	<b>37%</b>

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

#### Langlúrukvóti í tilfærslum.

	Aflamark	Tilfærslur	Tilfærslur %
2007-2008	2.446	298	12%
<b>Samtals</b>	<b>2.446</b>	<b>298</b>	<b>12%</b>

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

#### Ufsakvóti í tilfærslum.

	Aflamark	Tilfærslur	Tilfærslur %
--	----------	------------	--------------

<b>2006-2007</b>	71.088	3.821	<b>5%</b>
<b>2007-2008</b>	72.387	3.114	<b>4%</b>
<b>Samtals</b>	<b>143.475</b>	<b>6.935</b>	<b>5%</b>

(tölur í tonnum) Heimild: Fiskistofa

Þó svo að ekki sé hátt hlutfall af ufsakvótanum notaður í tilfærslur, þá er um að ræða gríðarlegt magn. Ufsakvóti á yfirstandandi fiskveiðiári mælist í þorskígildum 0,38 og ef ufsakvóta síðasta fiskveiðiárs er breytt í t.d. keilu sem mælist 0,33 í þorskígildisstuðli, þá þýðir að það 3.114 tonn af ufsa breytast í 3.585,8 tonn af keilu!

Greinarhöfundur bendir einnig á umfjöllun um 2. mgr. 11. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna í undirkafla 1.1. í þessum kafla greinargerðarinnar. Þar er fjallað um úthafs-rækju og hvernig sú tegund er notuð í tilfærslur í lokin á fiskveiðiárum.

Jafnframt spyrja skýrsluhöfundar sig hvort það sé fiskifræðilega forsvaranlegt að hrært sé í útgefnu aflamarki með slíkum hætti.

Skýrsluhöfundar leggja til að tegunda færslur (tilfærslur) verði afnumdar úr lögum þar sem ljóst þykir að útgerðir noti þessa lagaheimildir til að braska með fisktegundir og hagnist gríðarlega þegar þjóðarbúinu blæðir vegna þess að ekki eru sóttar þær útgefna aflaheimildir sem til eru í ýmsum tegundum. T. d. fá netabátar sem stunda grálúðuveiðar ekki leigðan eða keyptan kvóta í grálúðu, né heldur rækjutogarar.

## 5. Geymsluréttur á milli fiskveiðiára.

Fiskveiðistjórnunarkerfið í dag býður upp á gríðarlega mikinn rétt til handa útgerðum að flytja kvóta á milli fiskveiðiára. Það virkar þannig að útgerðir geta flutt allt að 33% kvótans yfir á næsta fiskveiðiár í flestum tegundum, en þó ekki öllum. Heimildina er að finna í 3. mgr. 11. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna:

Heimilt er að flytja allt að 33% af aflamarki hvernar botnfisktegundar og aflamarki úthafs-rækju, humars og síldar, 10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki innfjarðarrækju frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta.

Skýrsluhöfundar telja að þetta lagaákvæði letji útgerðir við að ná í útgefinn kvóta og stuðli frekar að auknu braski með kvótann í tegundafærslum. Jafnframt verður aðgengi að kvóta mun minna fyrir þá sem vilja veiða en skortir veiðiheimildir.

Skýrsluhöfundar benda jafnframt á að það hljóti að teljast mjög slæmt fyrir lífríkið í hafinu að útgerðir geti geymt svo stóran hluta kvótans þegar útlit er minni veiði og ráðleggingar er á þá leið að minnka skuli veiðiálag á stofna.

Því leggja skýrsluhöfundar til að þessi heimild verði færð niður í 2-5% geymslurétt á milli ára í öllum tegundum. Ekki þykir við hæfi að afnema með öllu þessa heimild en þrengja verður hana gríðarlega.

### III. Upphafleg verndarsjónarmið ekki lengur fyrir hendi

Fyrir daga kvótakerfisins voru fiskveiðar á Íslandsmiðum frjálssar, en þær höfðu frá fornu fari byggst á almannarétti manna til veiða utan netlaga einstakra jarða. Helsta ástæðan fyrir því að fiskveiðiheimildir voru upphaflega settar í aflamark (kvóta) voru verndarsjónarmið, en veiðarnar voru komnar langt umfram það sem einstakir stofnar voru taldir þola. Í dómi Hæstaréttar nr. 145/1998 var m.a. fjallað um verndarsjónarmið varðandi fiskveiðistjórnunina. Þar segir orðrétt:

Löggjafanum er rétt að takmarka fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ef uggvænt þykir, að fiskistofnar séu í hættu. Byggist það á almennum valdheimildum handhafa löggjafarvaldsins og fullveldisrétti ríkisins, sbr. 2. – 4. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Ákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar standa því ekki í vegi, að í lögum sé mælt fyrir um slíkar takmarkanir, enda sé almannahagsmunum fyrir að fara. Af forsögu núgildandi fiskveiðistjórnunarlaga er ljóst, að löggjafinn hefur talið, að almannaheill ræki til takmörkunar veiðanna.

Af þessu má glöggt sjá að ef uggvænt þykir að fiskistofnar séu í hættu beri löggjafanum að takmarka veiðar. Líkt og áður var rakið hafa aflaheimildirnar í þessum tveimur tegundum sem hér eru til umfjöllunar um margra ára skeið verið stórlega vannýttar og því er spurning hvers vegna veiðar á þeim eru enn takmarkaðar líkt og stofnarnir væru í hættu? Það er erfitt að sjá að almannaheill reki til takmörkunar veiðanna, heldur má segja að almannaheill reki beinlínis til þess að stofnarnir séu nýttir upp að því marki sem þeir eru taldir þola. Í 3. gr. laga um stjórn fiskveiða stendur:

Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn.

Þarna kemur skýrt og greinilega fram að ef nauðsyn beri til þess að takmarka veiðar á einstökum nytjastofnum, samkvæmt tillögum frá Hafrannsóknastofnun, þá skuli ráðherra ákveða heildaraflann með reglugerð. Nú liggur fyrir að Hafrannsóknastofnun hefur lagt til að umræddir nytjastofnar þoli margfalt meiri veiðar en þann afla sem komið er með að landi. Því er augljóst að allar forsendur fyrir því að þessum tegundum sé áfram haldið í kvóta eru brostnar. Þar að auki er gríðarlega þjóðhagslega óhagkvæmt að engum sé leyft að sækja þessi verðmæti sem leyft er að brenna upp í höndum handhafa

aflaheimildanna líkt og rakið var í kafla II. Í ljósi þess sem þar var rakið er það ótæk niðurstaða að farið verði í að auka veiðiskyldu útgerðanna í þessum tegundum, enda hefur stærstur hluti þeirra árum saman verið lítið annað en veðandlag í höndum handhafa þeirra sem og skiptimynt yfir í aðrar tegundir innan kerfisins. Eina rökrétta leiðin er að ráðast í þær breytingar sem hér eru lagðar til, enda eru engin verndarsjónarmið fyrir hendi lengur sem réttlæta núverandi fyrirkomulag. Með þessum breytingum er að auki ekki gengið á rétt handhafa aflaheimildanna og þá síst þeirra sem á annað borð nýta sínar heimildir, breytingarnar rýmka í raun frekar möguleika þeirra ef eitthvað er. Ef ríkið kemur ekki á breytingum sem stuðla að því að aðgengi manna sé tryggt til nýtingar á þessum auðlindum er að auki hætt við því að það muni leiða af sér lögsóknir á hendur íslenska ríkinu. Þeim lögsóknum myndi ríkið nánast örugglega tapa. Því er brýnt að bregðast við og það án tafar. Í því sambandi er einnig vert að minnast álits Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá síðasta ári í máli íslensku sjómanna tveggja þar sem nefndin kvað á um að fiskveiðistjórnunarkerfið brýtur í bága við alþjóðasamning um stjórn mála og borgaraleg réttindi.

#### **IV. Afnáam aflamarks**

Til þess að mögulegt sé að gera þessar breytingar þarf að innkalla aflaheimildirnar áður en veiðarnar væru gefnar frjálssar. Margir halda því fram að þær aflaheimildir sem hér er um rætt séu í óafturkallanlegri eigu núverandi handhafa þeirra. Um úthlutun þeirra er fjallað í 3. málsl. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða þar sem stendur:

Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

Ákvæðinu var bætt við 1. gr. að tillögu fyrsta minnihluta sjávarútvegsnefndar Alþingis. Í nefndaráliti var tekið fram til skýringar á þýðingu ákvæðisins:

Lagt er til að bætt verði inn í 1. gr. til áhersluaukningar ákvæði þar sem ótvírætt er tekið fram að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum stofni ekki eignarrétt né skerði forræði löggjafans til að ákveða síðar, án bótaskyldu til einstakra útgerða, breytingu á fyrirkomulagi við stjórn fiskveiða. Það hlýtur ávallt að vera ákvörðunarefni Alþingis á hverjum tíma hvaða skipulag teljist best henta til að nýting fiskveiðiauðlindarinnar þjóni sem best hagsmunum heildarinnar.

Í athugasemdum við 1. gr. frumvarps til laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 er þetta svo áréttað enn frekar:

Enda þótt frumvarpið byggir á því að fiskstofnarnir verði skynsamlegast nýttir með því að fela þeim sem daglega starfa að fiskveiðum viðtækt ákvörðunarvald í þessum efnum má það ekki verða til þess að með því verði talin myndast óafturkallanlegt og stjórnarskrárvarið forræði einstakra aðila yfir auðlindinni.

Þarna koma fram mjög sterkar vísbendingar um að vilji löggjafans stóð aldrei til þess að úthlutaðar aflaheimildir kæmst í einkaeigu. Þáverandi sjávarútvegsráðherra sagði svo um þetta í framsögunum sinni er frumvarp til laganna var flutt:

Ótímabundin lög eru hið almenna form löggjafar á Íslandi og þarfnast í sjálfu sér ekki skýringar. Með því er sköpuð meiri festa og aðilum eru skapaðar forsendur til að vinna eftir. Alþingi ætti þó ekki með þessu á nokkurn hátt að binda hendur sínar til frambúðar. Alþingi er með þessu á engan hátt að veita einstökum útgerðum óafturkallanlegt og stjórnarskrárvarið forræði yfir fiskistofnunum, eins og fram kemur í athugasemdum við 1. gr. frv. Það hlýtur að vera ákvörðun Alþingis á hverjum tíma, hvaða skipulag teljist best henta til að nýta fiskistofnana með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Þessir fyrirvarar við lögina sýna með skýrum hætti að það var aldrei ætlan löggjafans að einkaaðilar fengju óafturkallanleg yfirráð yfir aflaheimildunum. Löggjafinn hefur með þessu áréttað að aflaheimildir eins og þær eru skilgreindar í lögum um stjórn fiskveiða njóti ekki verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ákvæði 3. másl. 1. gr. er beinlínis stefnt gegn stjórnskipulegri eignarréttarvernd aflaheimilda. Af þessu má sjá að ríkisvaldið sem úthlutar aflaheimildunum hefur tekið skýrt fram frá byrjun að þó menn fái úthlutað veiðiréttindum þá veiti það ekki varanleg eignarréttindi. Ríkisvaldið hefur því alla tíð áskilið sér rétt til að breyta kerfinu í takt við breytta tíma, líkt og fram kemur í athugasemdum við 1. gr. frumvarps til laga nr. 38/1990 þar sem stendur:

Það verður að vera ákvörðunarefni löggjafans á hverjum tíma hvaða skipulag teljist best henta til að nýta þessa sameign þjóðarinnar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi.

Skúli Magnússon kemst að þeirri niðurstöðu í grein sinni *Um stjórnskipulega eignarréttarvernd aflaheimilda* að vilji löggjafans sé ljós og að löggjafanum eigi því að vera heimilt að breyta eða jafnvel kollvarpa núgildandi fyrirkomulagi við fiskveiðistjórn án þess að koma þurfi til bótagreiðslna vegna skerðinga eða afnáms aflaheimilda.<sup>1</sup> Um stjórnskipulegt gildi slíkra fyrirvara sem hér er um rætt hefur ekki verið ritað mikið af fræðimönnum. Gaukur Jörundsson segir þó í riti sínu *Um eignarnám*:

---

<sup>1</sup> Skúli Magnússon. (1997). *Um stjórnskipulega eignarréttarvernd aflaheimilda*. Bls. 614.



Þegar löggjafinn hefur á annað borð stofnað til réttinda, sem telja ber eign í skilningi eignarnámsákvæðis stj.skr. er honum ekki lengur frjálst að ráðstafa þeim eftir eigin geðþótta, nema að svo miklu leyti sem fyrirvari hefur frá upphafi verið um það gerður.

Samkvæmt þessu getur löggjafinn við stofnun eða sérstaka afmörkun tiltekinna réttinda gert fyrirvara frá upphafi um að þau skuli ekki njóta eignarréttarverndar stjórnarskrár og að ekki verði goldnar bætur við afnám þeirra.<sup>2</sup> Telur Skúli að fullyrða megi að íslenskir dómstólar myndu viðurkenna heimild löggjafans til þess að kveða á um að tiltekin réttindi nytu ekki eignarréttarverndar stjórnarskrár sem þau hefðu að öðrum kosti gert. Telur hann ótvírætt að handhafar aflaheimilda hafi aldrei mátt ráða af lögum um stjórn fiskveiða að samkvæmt þeim hefðu þeir undir höndum stjórnarskrárvarða hagsmuni til ótakmarkaðs tíma. Ef ekki væri fyrir þann fyrirvara sem gerður er í 3. másl. 1. gr. nytu aflaheimildir án nokkurs vafa verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Niðurstaða Skúla er að aflaheimildir séu ekki eign í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar.<sup>3</sup>

Í dómi Hæstaréttar nr. 12/2000 var vikið að því atriði hvort úthlutaðar aflaheimildir séu varanlegar. Í dóminum sagði m.a.:

Til þess verður og að líta að samkvæmt 3. másl. 1. gr. laganna myndar úthlutun veiðiheimilda ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra manna yfir þeim, eins og áður segir. Aflaheimildir eru þannig aðeins varanlegar í þeim skilningi að þær verða hvorki felldar niður né þeim breytt nema með lögum. Í skjóli valdheimilda sinna getur Alþingi því kveðið nánar á um réttinn til fiskveiða, bundið hann skilyrðum eða innheimt fyrir hann frekara fégjald en nú er gert vegna breyttra sjónarmiða um ráðstöfun þeirrar sameignar íslensku þjóðarinnar, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru.

Samkvæmt þessu er ljós sú þýðing sem 3. másl. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða hefur, þannig að réttindi vegna aflaheimilda sem keyptar hafa verið megi skerða, eða að þau verði jafnvel afnumin, og njóti við þær aðgerðir takmarkaðrar verndar stjórnarskrárinnar. Þannig er ljóst að löggjafinn hefur til þess rétt að breyta þeim leikreglum sem uppi eru um ráðstöfun nytjastofnanna á Íslandsmiðum.

## V. Hvati til veiða aukinn

Ekki verður betur séð, miðað við það sem áður hefur verið rakið, en að löggjafinn hafi frá upphafi áskilið sér rétt til að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu í takt við breyttar aðstæður í þjóðfélaginu. Í þessu sambandi hlýtur sú þjóðarnauðsyn að hafa stjórn á fiskveiðum að vega þungt þegar metnar eru heimildir

<sup>2</sup> Skúli Magnússon. (1997). Um stjórnskipulega eignarréttarvernd aflaheimilda. Bls. 616.

<sup>3</sup> Skúli Magnússon. (1997). Um stjórnskipulega eignarréttarvernd aflaheimilda. Bls. 617.

löggjafans til að setja veiðiheimildunum skorður. Þeim mun meiri sem nauðsynin er, þeim mun rýmri eru heimildir löggjafans.<sup>4</sup> Í athugasemdum við 1. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða koma fram ítarlegar skýringar á 1. málslíð greinarinnar, þar sem segir:

Með fyrsta málslíð greinarinnar er minnt á mikilvægi þess að varðveita fullt forræði Íslendinga yfir henni. Jafnframt felst í þessu sú sjálfsagða stefnumörkun að markmiðið með stjórn fiskveiða er að nýta fiskstofnana til hagsbóta fyrir þjóðarheildina.

Þrátt fyrir að það virðist að flestu leyti vera skýrt að löggjafinn hefur til þess heimildir að gera breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu er hægt að fara mjög einfalda leið að því marki sem hér er til umfjöllunar. Einfaldasta breytingin í framkvæmd sem hægt er að gera á núverandi kvótakerfi væri að löggjafinn myndi afnema kerfið í heild sinni og gefa veiðar frjálssar. Á þann hátt yrði hinn forni almannaréttur um frjálssræði til veiða aftur virkur. Myndi slík ráðstöfun aldrei leiða til þess að deilur myndu rísa um hugsanlega bótaskyldu ríkisins, enda væru núverandi handhafar aflaheimilda ekki sviptir neinum rétti þó aðrir kæmust að.<sup>5</sup> Þetta væri hægt að gera varðandi þær tegundir sem hér eru til umfjöllunar, enda eru þær stórlega vannýttar líkt og áður var rakið.

## VI. Breytingarnar í anda markmiðs laganna

Eins og áður hefur verið rakið eru engin verndarsjónarmið sem réttlæta það að halda umræddum tegundum áfram í kvóta. Afleiðingarnar hafa orðið þær að ekki er lengur lagt kapp á að koma með þessi verðmæti að landi og inn í byggðirnar og þjóðarbúið. Í 2. málsl. 1. gr. fiskveiðistjórnunarlaga er fjallað um markmið laganna. Þar stendur:

Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra [nytjastofnanna] og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Það er því augljóst að það hlýtur að vera í anda markmiðs laganna að fara þá leið sem hér er lögð til. Það mun hafa mikil áhrif á mjög margar sjávarbyggðir ef þessar tillögur ná fram að ganga. Bæjarfélög eins og t.d. Bolungarvík, Stykkishólmur, Súðavík, Hólmavík, Bíldudalur, Skagaströnd, Blönduós, Kópasker, Siglufjörður, Akureyri og Húsavík hafa í gegnum árin haft miklar tekjur af rækjuvinnslu en í stórum hluta þeirra hefur þessi vinnsla nú lagst af. Þau munu því njóta góðs af þessum tillögum, enda munu þær auka

<sup>4</sup> Sigurður Línal. (1998). Nytjastofnar á Íslandsmiðum – Sameign þjóðarinnar. Afmælisrit Davíðs Oddssonar. Bls. 796.

<sup>5</sup> Sigurður Línal. (1998). Nytjastofnar á Íslandsmiðum – Sameign þjóðarinnar. Afmælisrit Davíðs Oddssonar. Bls. 798.

möguleika á því að treysta atvinnu í þeim og þar með forsendur byggðar. Tillögurnar eru því ekki eingöngu í anda markmiðs laganna, heldur eru þær einnig til þess fallnar að skapa þeim sem þær leggja fram miklar vinsældir, enda hafa stuðningsmenn kvótakerfisins haldið því fram að með fyrirhuguðum breytingum okkar á fiskveiðistjórnunarkerfinu munum við leggja byggðirnar í rúst. Með þessu er hægt að koma með skjótt svar við þessum áróðri og slá mörg vopn úr höndum þeirra sem berja kerfisbundið á málstað Samfylkingarinnar varðandi sjávarútvegsmálin á hverjum degi.

## VII. Aflagjald lagt á landaðan afla

Eitt af því sem ætti að vera hvetjandi fyrir stjórnvöld til að fara í þær breytingar sem hafa verið tíundaðar áður í greinargerðinni, er sú staðreynd að í staðinn fyrir að leiga fyrir aflaheimildir fari beint í vasa handhafa kvótans sem hafa áhuga á að leigja ónýttan kvóta til þriðja aðila sem veiðir kvótann, geta stjórnvöld lagt á svokallað aflagjald á landaðan afla og haft af því tekjur fyrir ríkissjóð. Aflagjaldið getur mætt að einhverju leyti því mikla tekjutapi sem ríkissjóður hefur orðið fyrir í yfirstandandi kreppu og með falli bankakerfisins. Þessi tilhögun yrði að auki til þess að miklu líklegra er að þessi verðmæti verði nýtt og fari ekki til spillis líkt og verið hefur.

Aflagjaldið gæti farið til ákveðinna verkefna eða aðila innan stjórnsýslunnar. Gjaldið gæti sem dæmi runnið til sveitarfélaga til að mæta brýnni þörf sem sveitarfélögin hafa fyrir aukið fé í rekstur sinn. Gjaldið gæti líka runnið beint í ríkissjóð og fjármálaráðherra ráðstafi því í samneyslu þjóðarinnar. Afrakstri af gjaldinu gæti líka verið skipt á milli ríkissjóðs, sveitarfélaga og ríkisstofnana. Sem dæmi um slíka stofnun gæti verið Hafrannsóknarstofnun.

Gjaldið ætti að vera ákveðið af ráðherra og því stíllt í hóf svo væntanlegir útgerðaraðilar veigri sér ekki við að fara í útgerð til að nýta kvótategundir sem hafa verið ónýttar undanfarin ár. Aflagjaldið ætti að miðast við ákveðið hlutfall af því leiguverði sem hefur verið í gangi á leigumarkaði aflaheimilda. Það gæti verið sem dæmi 10% til 50% af því meðalverði á leigu aflaheimilda sem þekkist í dag miðað við síðustu viðskipti sem fóru fram með aflaheimildirnar svo allrar sanngjarni sé gætt. Hér að neðan má sjá síðasta skráða leiguverð viðkomandi tegundar á vef Fiskistofu þann 13. maí 2009:

	Skráð leiguverð	50%	25%	10%
Úthafsærakja	5,00 kr.	2,50 kr.	1,25 kr.	0,50 kr.
Grálúða	68,89 kr.	34,45 kr.	17,22 kr.	6,89 kr.
Sandkoli	13,00 kr.	6,50 kr.	3,25 kr.	1,30 kr.
Skráplúra	12,00 kr.	6,00 kr.	3,00 kr.	1,20 kr.
Ufsi	10,00 kr.	5,00 kr.	2,50 kr.	1,00 kr.

<b>Flæmingjarækja</b>	- kr.	- kr.	- kr.	- kr.
<b>Úthafskarfi</b>	3,00 kr.	1,50 kr.	0,75 kr.	0,30 kr.
<b>Langlúra</b>	30,00 kr.	15,00 kr.	7,50 kr.	3,00 kr.

Leiga (kr./kg.) Heimild: Fiskistofa

Væntanlegar tekjur sem ríkissjóður gæti haft af aflagjaldinu eru umtalsverðar eins og sést á töflunni hér að neðan. Þó ber að hafa í huga að ekki er hægt að gefa upp neitt verð fyrir flæmingjarækju, enda hefur ekki verið verslað með hana í nokkurn tíma.

	<b>Aflamark 2007-2008 (tonn)</b>	<b>50% (kr.)</b>	<b>25% (kr.)</b>	<b>10% (kr.)</b>
<b>Úthafsækja</b>	8.040	20.100.000	10.050.000	4.020.000
<b>Grálúða</b>	16.477	567.550.265	283.775.133	113.510.053
<b>Sandkoli</b>	1.686	10.959.000	5.479.500	2.191.800
<b>Skrápflúra</b>	1.161	6.966.000	3.483.000	1.393.200
<b>Ufsi</b>	72.387	361.935.000	180.967.500	72.387.000
<b>Flæmingjarækja</b>	13.778	?	?	?
<b>Úthafskarfi</b>	8.477	12.715.500	6.357.750	2.543.100
<b>Langlúra</b>	2.446	36.690.000	18.345.000	7.338.000
<b>Samtals kr.:</b>		<b>1.016.915.765</b>	<b>508.457.883</b>	<b>203.383.153</b>

Það sést á þessari töflu að um miklar fjárhæðir er að ræða og nauðsynlegt að hafa það í huga þegar ákvarðanir verða teknar um hvort afnema eigi einstaka kvótaúthlutanir til útgerða í viðkomandi tegundum. Þetta er að ógleymdum sköttum sem koma af rekstri útgerða og launum fólks sem fær atvinnu við að búa til verðmæti úr auðlindum sem eru ekki nýttar sem skyldi. Það skal þó haft í huga að hér eru mikið stærra hagsmunir í húfi en eingöngu tekjuöflun ríkissjóðs af aflagjaldinu.

Mögulegt er að hafa tillögur Hafrannsóknastofnunar um heildaraflahámark til hliðsjónar og hækka aflagjaldið gríðarlega um leið og komið er í hámarkið eða nálægt hámarkinu. Þannig væri hægt að stýra veiðinni og gera veiðar óarðbærar þegar aflahámarkið nálgast eða um leið og því er náð. Þannig væri hægt að tryggja að enginn færi á sjó til að veiða umfram tillögur Hafrannsóknastofnunar.

## VIII. Þjóðhagsleg hagkvæmni

Þegar haft er í huga hve grafalvarleg staða blasir við íslenska þjóðarbúinu, þá er það morgunljóst að aðgerðir þær sem hafa verið raktar hér að framan muni hleypa lífi í efnahags- og atvinnumál þjóðarinnar. Það er mjög mikilvægt og brýnt að þessar aðgerðir fái brautargengi og eins skjóta afgreiðslu og mögulegt er, þar sem nýtt fiskveiðiár gengur í garð 1. september. Sem dæmi um þá miklu hagsmuni sem um er að

ræða fyrir þjóðarbúið er tafla hér að neðan sem sýnir verðmæti afla sem ekki var nýttur miðað við síðasta fiskveiðiár, en hún sýnir áætlað verðmæti miðað við afla upp úr sjó.

<b>Óveiddur kvóti fiskveiðiárið 2007-2008:</b>	<b>Magn (tonn)</b>	<b>Verðmæti (kr.)</b>
Úthafsærækja	6.174	853.246.800
Grálúða	7.511	2.650.631.900
Skrápflúra	968	55.272.800
Sandkoli	1.142	67.606.400
Ufsi	16.366	1.513.855.000
Úthafskarfi	1.692	229.773.600
Flæmingjarækja	13.778	1.904.119.600
Langlúra	1.029	132.535.200
<b>Samtals tonn:</b>	<b>47.631</b>	
<b>Tapaðar tekjur þjóðarbúsins í óveiddum kvóta:</b>		<b>7.407.041.300</b>

(Verðmæti upp úr sjó) Heimild: Hagstofa Íslands

Taflan sýnir hversu miklir hagnir eru fyrir þjóðarbúið að útgefinn kvóti sé nýttur að fullu. Það verður líka að hafa í huga að taflan sýnir ekki verðmætið og þá tekjuaukningu þegar aflinn er unninn áfram í vinnsluferlinu eða þau störf sem aflinn skapar þegar útgefinn kvóti er veiddur og fullnýttur. Þar skapast enn frekari verðmæti og störf.

Eitt skýrasta dæmið í þessari greinargerð er hin mikla hagkvæmni sem felst í því að aðilum sé gert kleift að veiða úthafsærækju og taka grálúðu sem meðafla. Það stuðlar að því að útgefinn kvóti er veiddur og færður í land, sem skapar tekjur og störf sem sárlega vantar í dag í íslensku samfélagi. Án þessara aðgerða sem lagt er til að ráðist sé í í þessari greinargerð eru allar líkur á því að núverandi ástand muni verða við haldið. Því er brýnt að ráðast strax í umræddar aðgerðir og fella niður úthlutanir í viðkomandi tegundum til einstakra útgerða og leyfa þegar í stað veiðar í þessa stofna miðað við úthlutaðan hámarkskvóta.

Það er ljóst þegar litast er um í höfnum landsins að nóg er til af skipum og bátum til veiða þann kvóta sem út af fellur á hverju fiskveiðiári. Mörg þessara skipa og báta eru í eigu eða umráðum bankanna og safna einungis kostnaði fyrir eigendur þeirra, þ.e. íslensku þjóðina. Það er enn fremur ljóst að nægt framboð er á atvinnuleysiskrám af fólki sem vantar sárlega atvinnu.

Með þeim aðgerðum sem lagðar eru til í þessari greinargerð mun vafalaust komast hreyfing á fjárfestingar í sjávarútvegi og áhrifanna mun gæta víðar. Vinnslur munu fá hráefni til að búa til frekari

verðmæti úr aflanum og það skapar mikla atvinnu. Iðnaðarfyrirtæki og þjónustufyrirtæki munu fá verkefni við að sinna skipum og bátum, sem og vinnslum.

Þetta eru auk þess gjaldeyrisparandi aðgerðir þar sem rækjuvinnslur þurfa síður að treysta á erlent hráefni og kaupa það fyrir dýrmætan erlendan gjaldeyri, en rækjuvinnslur flytja árlega inn mörg þúsund tonn af rækju til áframhaldandi vinnslu.

## **IX. Nýliðun í greininni**

Með því að fella niður kvótaúthlutanir til einstakra útgerða í ofangreindum tegundum eins og lagt er til í þessari greinargerð, stóraukast líkur á nýliðun í greininni. Það er í raun eini möguleikinn miðað við þá stöðu sem uppi er í dag. Með því að auka frelsi til veiða í viðkomandi tegundum, þá mun það leiða til fjárfestinga í bátum og skipum. Nýir aðilar munu sjá sér fært um að koma inn í greinina þar sem stærsti útgjaldaliður útgerðarinnar fellur út, sjálf kvótakaupin sem gera alla nýliðun mjög erfiða.

Sem dæmi má áætla að grálúðukvóti kostar um 680 kíló í varanlegum kvóta. Það þýðir að sá sem ætlar að veiða á t.d. netabát 1.000 tonn af grálúðu, þarf að fjármagna kaup á kvóta upp á 680.000.000 kr.. Það er ógerlegt miðað við aðstæður í dag, en þar fyrir utan er kvótinn ófáanlegur sbr. umfjöllun um tilfærslur í kafla II. 4. þar sem sagt er frá hvernig braskað er með grálúðukvóta í tegundatilfærslum. Með afnámi kvótaúthlutana til einstakara útgerða í ofangreindum tegundum yrði stigið risastórt skref í átt að því að koma til móts við kröfur um að nýliðun verði í greininni og aðilum utan greinarinnar verði gert kleift að stofna útgerð.

## **X. Samantekt tillagna**

Skýrsluhöfundar hafa velt upp á ýmsum tillögum í skýrslunni og hér í þessum samantektar kafla vilja skýrsluhöfundar rifja þær upp fyrir lesendur skýrslunnar.

Skýrsluhöfundar leggja til að tegundirnar úthafsækja, grálúða, sandkoli, langlúra, skrápflúra, ufsi, Flæmingjarækja og úthafskarfi verði teknar út úr aflamarkskerfinu og veiðar gefnar frjálssar upp að ákveðnu hámarki til íslenskra skipa sem og skipa sem hafa stundað veiðar undir íslensku flaggi en hafa verið undir erlendu flaggi um stundarsakir. Þessar tillögur stuðla að stóraukinni atvinnuuppbyggingu og skapa að öllum líkindum miklar gjaldeyrstekjur fyrir þjóðarbúið.

Skýrsluhöfundar leggja til að farið verði yfir störf veiðiheimildasviðs Fiskistofu á árunum 2000 – 2009 og framkvæmd verði nákvæm úttekt á störfum sviðsins á þessu tímabili.

Skýrsluhöfundar leggja til að 1. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 11. gr. fiskveiðistjórnunarlaga sem fjallar um tegundatilfærslur verði felldar úr lögum þegar á yfirstandandi þingi. Það er gert til að ekki verði lengur hægt að breyta úr einni fisktegund í aðra fisktegund.

Skýrsluhöfundar leggja til að 3. mgr. 11. gr. fiskveiðistjórnunarlaga verði breytt og geymsluréttur færður úr 33% á milli ára, sem er í flestum tegundum, niður í 2-5% geymslurétt á milli ára, í öllum tegundum.

Skýrsluhöfundar leggja til að tekið verði upp aflagjald á landaðan afla í þeim tegundum sem verða teknar út úr aflamarki og gefin verði út frjálss veiði á upp ákveðnum hámarksafla. Skýrsluhöfundar leggja jafnframt til að það aflagjald sem nefnt var áður kafla VII verði notað til hliðsjónar við ákvörðun á aflagjaldi.

## XI. Lokaorð

Þær hugmyndir sem hér hafa verið reifaðar miða að því að nýta til þjóðarheilla auðlindir sem látnar eru fara forgörðum fyrir opnum tjöldum. Aðstæður í íslensku þjóðfélagi eru með þeim hætti að það er brýnt að stoppað verði í slík göt í fiskveiðistjórnunarkerfinu sem hér hefur verið lýst. Verði farið að þessum tillögum munu skapast tækifæri til að búa til milljarðaverðmæti fyrir þjóðarbúið og fjölmörg störf út um allt land. Verði þessum tillögum hrundið í framkvæmd munu þær að auki skapa ríkisstjórninni miklar vinsældir meðal almennings, ekki síst innan sjómannastéttarinnar og hjá fiskverkafólki.

Það er nauðsynlegt að við í Samfylkingunni séum fljót á okkur að bregðast við þeirri óréttmætu gagnrýni sem við höfum fengið á okkur vegna fyrirætlana okkar varðandi breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þessi framkvæmd myndi sýna þjóðinni svo ekki verður um villst að við bárum hag þjóðarheildarinnar fyrir brjósti þegar við lögðum fram tillögur okkar varðandi breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þær sýna að við erum ábyrgt afl sem lætur ekki hagsmuni fáeinna útvalinna ganga framár þjóðarhag. Þær sýna að við erum óhrædd við að láta fólkið í fyrsta sæti.

Núverandi fyrirkomulag hamlar atvinnusköpun á landsbyggðinni. Á meðan örfáir aðilar sjá sér hag í því að sitja á heimildunum ónýttum blæða byggðirnar og fólkið í landinu. Það er brýn nauðsyn að þessum tillögum verði hrundið í framkvæmd nú þegar á því sumarþingi sem fer í hönd, enda eru aðstæður í þjóðfélaginu með þeim hætti að það verður ekki beðið lengur. Það ríkir neyðarástand og því ber stjórnvöldum skylda til að taka ábyrgð og sjá til þess að auðlindir þjóðarinnar séu nýttar. Íslenska þjóðin hefur ekki efni á neinni bið. Fólk vill lausnir núna, en ekki eftir 5 ár. Tökum ábyrgð.

Bifröst, 22. maí 2009

---

Þórður Már Jónsson

---

Finnbogi Víkar



## XII. Viðaukar

### Viðauki 1

Þorskígildisstuðlar	0,82	1,67	0,68	0,64	1,02
Tegundir fiskveiðiár 2007 - 2008	Ýsa	Grálúða	Steinbítur	Langa	Skarkoli
Tilfærslur í kg.	350.019	- 328.495	196.342	42.152	44.464
Tilfærslur í þorskígildis kg.	287.016	- 548.587	133.513	26.977	45.353

Brim hf. Milli skipa

Skip

	Þorskígildi	1	0,82	0,43	0,6	0,64	0,38	0,68	1,76	1,67	1,02	1,46	0,52	0,38	0,29	0,57	
Skip	Aflamarks	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Skötuselur	Grálúða	Skarkoli	Þykkvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skráplúra	Úthafsækja	Samtals
Guðmundur í Nesi	kg á milli skipa	2.636.033	2.786.254	2.641	665.005	-	-	-	-	340.346	-	-	-	-	-	-	-
	Þorskígildi á milli skipa	2.636.033	2.284.728	1.136	399.003	-	-	-	-	568.378	-	-	-	-	-	-	-
Brimnes	kg á milli skipa	950.039	657.789	1.960.204	2.525.575	259.310	293.705	774.907	2.523	186.773	368.099	64.357	317	372	-	2.012.998	6.030.972
	Þorskígildi á milli skipa	950.039	539.387	842.888	1.515.345	165.958	111.608	526.937	4.440	311.911	375.461	93.961	165	141	-	1.147.409	4.290.833
Kleifaberg	kg á milli skipa	1.199.967	910.383	888.164	886.608	-	-	-	-	320.641	-	-	-	-	-	48.337	4.254.100
	Þorskígildi á milli skipa	1.199.967	746.514	381.911	531.965	-	-	-	-	535.470	-	-	-	-	-	27.552	3.423.379
Mars	kg á milli skipa	68.259	353.000	373.655	261.353	-	316	3.000	-	39.079	-	-	-	-	351	-	393.013
	Þorskígildi á milli skipa	68.259	289.460	160.672	156.812	-	120	2.040	-	65.262	-	-	-	-	102	-	163.806
Sólbakur	kg á milli skipa	1.809.965	1.921.500	655.950	120.000	-	-	-	-	116.325	-	-	-	-	-	40.581	4.664.321
	Þorskígildi á milli skipa	1.809.965	1.575.630	282.059	72.000	-	-	-	-	194.263	-	-	-	-	-	23.131	3.957.047
Sólborg	kg á milli skipa	53.500	507.771	5.522	42.300	6.470	110	83.950	3.300	8.211	58.026	134.354	28.271	10.060	2.558	-	944.403
	Þorskígildi á milli skipa	53.500	416.372	2.374	25.380	4.141	42	57.086	5.808	13.712	59.187	196.157	14.701	3.823	742	-	853.025
Kópanes (þjónustubátur)	kg á milli skipa	-	-	-	-	-	-	110.374	-	-	15.044	955	2.119	699	1.840	-	121.715
	Þorskígildi á milli skipa	-	-	-	-	-	-	75.054	-	-	15.345	1.394	1.102	266	534	-	89.892
Samtals	kg á milli skipa	454.381	457.389	34.272	550.309	252.840	293.279	577.583	777	637.829	295.029	70.952	25.835	8.989	1.069	1.678.736	490.895
Samtals	Þorskígildi á milli skipa	454.381	375.059	14.737	330.185	161.818	111.446	392.756	1.368	1.065.174	300.930	103.590	13.434	3.416	310	956.880	2.859
Meðalverð aflamarks kr./kg.		200	45	20	32	52	32	80	130	45	100	128	40	12	12	4	
Samtals kr.		90.876.200	20.582.505	685.440	17.609.888	13.147.680	9.384.928	46.206.640	101.010	28.702.305	29.502.900	9.081.856	1.033.400	107.868	12.828	6.714.944	182.241.970
Hagnaður/tap útgerðar		182.241.970 kr.															

## Tilfærslur

		1	0,82	0,43	0,6	0,64	0,38	0,68	1,76	1,67	1,02	1,46	0,52	0,38	0,29	0,57	
	Þorskígildi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Keila	Steinbítur	Skötuselur	Grálúða	Skarkoli	Þykvalúra	Langlúra	Sandkoli	Skráplúra	Úthafsækja	Samtals
Guðmundur í Nesi	Tilfærslur (kg)	-	-	-	193.748	-	-	-	-	-	69.610	-	-	-	-	-	124.138
	Tilfærslur (Þorskígildi)	-	-	-	116.249	-	-	-	-	116.249	-	-	-	-	-	-	0
Brimnes	Tilfærslur (kg)	-	122.507	132.395	163.984	17.478	7.061	57.906	3.465	15.748	8.686	12.519	-	-	164	-	96.463
	Tilfærslur (Þorskígildi)	-	100.456	56.930	98.390	11.186	2.683	39.376	6.098	26.299	8.860	18.278	-	-	48	-	1
Kleifaberg	Tilfærslur (kg)	-	82.826	-	-	17.070	72	47.496	-	90.874	18.681	14.528	-	-	1.093	-	90.892
	Tilfærslur (Þorskígildi)	-	67.917	-	-	10.925	27	32.297	-	151.760	19.055	21.211	-	-	317	-	10
Mars	Tilfærslur (kg)	-	50.172	-	67.003	4.829	-	41.542	2.956	37.328	8.891	10.815	-	-	-	-	14.874
	Tilfærslur (Þorskígildi)	-	41.141	-	40.202	3.091	-	28.249	5.203	62.338	9.069	15.790	-	-	-	-	2
Sólbakur	Tilfærslur (kg)	-	94.514	410	67.496	2.775	287	49.398	535	114.935	8.206	20.076	-	50	-	-	127.992
	Tilfærslur (Þorskígildi)	-	77.501	176	40.498	1.776	109	33.591	942	191.941	8.370	29.311	-	19	-	-	1
Kópanes (Þjónustubátur)	Tilfærslur (kg)	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
	Tilfærslur (Þorskígildi)	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
<b>Samtals kg í tilfærslur</b>		-	<b>350.019</b>	<b>132.805</b>	<b>30.257</b>	<b>42.152</b>	<b>6.702</b>	<b>196.342</b>	<b>6.956</b>	<b>328.495</b>	<b>44.464</b>	<b>57.938</b>	-	<b>50</b>	<b>1.257</b>	-	<b>261.433</b>
<b>Samtals Þorskígildi í tilfærslur</b>		-	<b>287.016</b>	<b>57.106</b>	<b>18.154</b>	<b>26.977</b>	<b>2.547</b>	<b>133.513</b>	<b>12.243</b>	<b>548.587</b>	<b>45.353</b>	<b>84.589</b>	-	<b>19</b>	<b>365</b>	-	<b>11</b>

2.

## Viðauki 2

Verð á aflaheimildum í byrjun janúar 2009:

Tegund	Aflamark	Aflahlutdeild	Krókaafلامark	Krókaaflahlutdeild
Porskur	190-200	2.000-3.000	190-200	2.000-2.500
Ýsa	40-45	850-900	35-40	850-900
Ufsi	15-20	350-380	7-10	200-210
Karfi	30-32	300-350	22-25	290-300
Langa	52	400-460	40	380-400
Keila	32	210-250	25	220-250
Steinbítur	80	650-700	70	600-660
Skötuselur	130	1680-1700	-----	-----
Grálúða	45	600-680	-----	-----
Skarkoli	100	1500-1580	-----	-----
Pykkvalúra	128	1100-1200	-----	-----
Langlúra	40	450-460	-----	-----
Sandkoli	12	350-380	-----	-----
Skrápflúra	10-12	350-380	-----	-----
Úthafsækja	4	150	-----	-----

Heimild: Viðskiptahúsið